

Félagsfundur - heimsókn menntamálaráðherra

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra var góður gestur SSSK á félagsfundi þann 29. september síðast liðinn. Ráðherra ræddi stöðu leik- og grunnskóla almennt. Ráðherrann lét jákvæð orð falla um starfsemi sjálfstæðra skóla. Hún sagði frá því að nú stæði yfir smíði reglugerðar um sjálfstætt rekna skóla og að drögin yrðu send til kynningar innan skamms. Í lok erindis svaraði Katrín spurningum fundarmanna. Félagsmenn voru ánægðir með heimsókn ráðherrans en innan Samtaka sjálfstæðra skóla er gjarnan rætt um að það sé afar mikilvægt að skólastjórnendur eigi góð og traust samskipti við skólafyrirvöld og sveitafélög en gæti jafnframt að því að halda sjálfstæði sínu. Hér með fylgja hvatningarorð til okkar allra um að fylgja þeirri meginreglu. [Fundargerð frá fundinum.](#)

Á félagsfundinum voru þrjú umræðuhópar myndaðir þ.e. grunnskólar og leikskólar utan og innan Reykjavíkur. Margir góðir punktar komu fram í þessum umræðum sem leggja grunninn að starfi vetrarins. Þessir umræðupunktar voru teknir saman og eru aðgengilegir á vef SSSK. [Samantekt frá hópaumræðum.](#)



Drög að reglugerð um viðurkenningu grunnskóla

SSSK hefur haft til umsagnar drög að reglugerð um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitafélögum. Í umsögn um drögin eru gerðar athugasemdir við langan frest ráðuneytisins við afgreiðslu umsóknar um viðurkenningu á rekstri grunnskóla. Einnig er óskað eftir því að reglugerðin kveði á um hversu langan frest ráðuneytið hefur til að samþykkja nýtt húsnæði skóla eða fjölgun árganga. Gerð er athugasemd við opið ákvæði um upplýsingaskyldu um rekstur og starfsemi skóla og áréttað er að nægilegt sé að grunnskólar, sem reglugerðin tekur til, hafi ársreikning aðgengilegan í skólanum fyrir fulltrúa þess sveitafélags sem skólinn starfar í. Auk þess er áréttað að þess verði ávallt gætt að fyllsta jafnræði ríki í eftirliti og kröfum til sjálfstæðra skóla annars vegar og almennra skóla hins vegar. Þá er að lokum nefnt að starfsumhverfi sjálfstætt starfandi skóla er, öfugt við hefðbundna skóla, háð eftirspurn. Þetta leiðir af sér að sjálfstætt starfandi skólar þurfa að sinna markaðsstarfi eins og hvert annað fyrirtæki á samkeppnismarkaði.

Tenglar inn á [umsögn](#) og [reglugerðardrög](#) af heimasíðu SSSK.

Námskeið – samstarf við Opna háskólann

SSSK hefur gert samning við Opna háskólann í Háskólanum í Reykjavík um námskeið fyrir skólastjórnendur og aðra skólastarfmenn. Haldin verða fjögur spennandi námskeið fyrir almenna starfsmenn og skólastjórnendur. Fyrstu námskeiðin verða í lok nóvember og síðasta í apríl 2010. Veggspjald er í prentun með upplýsingum um námskeiðin og er áformað að það verði sett upp í öllum skólunum. Auk þess verður hægt að nálgast upplýsingar um námskeiðin á heimasíðu SSSK, [http://www.svth.is/Samtök sjálfstæðra skóla](http://www.svth.is/Samtök_sjálfstæðra_skóla).

Félagsfundur með leikskólasviði Reykjavíkurborgar

Þriðjudaginn 27. október síðast liðinn var haldinn félagsfundur með fulltrúum sjálfstæðra leikskóla í Reykjavík og leikskólasviði Reykjavíkurborgar. Gestir fundarins voru Ragnar Snær Ragnarsson nýkjörinn formaður leikskólaráðs, Kristín Egilsdóttir fjármálastjóri leikskólasviðs og Guðrún Sigtryggsdóttir lögfræðingur leikskólasviðs. Til umræðu á fundinum voru nýjar reglur um leikskólaþjónustu, rekstrarstyrkir 2010 og þjónustusamningar við leikskóla.

Það kom fram hjá fulltrúum leikskólasviðsins á fundinum að hagræðingarkrafan fyrir árið 2010 á leikskólasviði væri að meðaltali 5,59% og heildarupphæðin sem ætti að spara væri um 580 milljónir. Samkvæmt þessu yrði sú hagræðingarkrafa sem gerð yrði á sjálfstæða leikskóla að vera fyrrnefnd prósentutala. Þetta kæmi til viðbótar þeirri kröfu til hagræðingar sem gerð var fyrir árið 2009. Alls væri því hagræðingarkrafan upp á nær 10% fyrir þessi tvö ár. Ljóst má vera að þetta tekur í við rekstur leikskóla innan borgarinnar. Á fundinum var einnig farið yfir drög að nýjum þjónustusamningi borgarinnar við leikskóla og athugasemdir sem SSSK hafði gert við drögin. Lýstu fulltrúar borgarinnar því yfir að vilji borgaryfirvalda væri að koma til móts við sjónarmið samtakanna á sumum sviðum eins og varðandi „faghlutfallið“ sem hefur verið áherslumál þeirra. Á öðrum sviðum var hins vegar ekki komið til móts við sjónarmið samtakanna eins og um upplýsingar um skuldastöðu foreldra þegar börn flytja milli einkarekinna leikskóla og leikskóla reknur af borginni.

„Skólinn okkar“ – kynning á sjálfstæðum skólum



Á félagsfundi þann 29. september var bent á að nauðsynlegt væri að sjálfstæðir skólar kynntu betur sérkenni sín, áherslur og innra skólustarf. Í kjölfarið vaknaði sú hugmynd að bjóða skólunum að kynna starfsemi sína með einblöðungi sem fylgdi hverjum fréttapósti Samtaka sjálfstæðra skóla. Gert er ráð fyrir að einn til tveir skólar verði kynntir hverju sinni. Síðar mætti nota þessi gögn til frekari kynningar á skólunum á öðrum vettvangi s.s innan sveitafélagana þar sem þeir starfa, á ráðstefnum og útgáfu

af hálfu samtakanna. Hér er látið fylgja „snið“ sem þið getið fyllt inn í til þess að auðvelda framsetninguna og hafa svipað útlit á kynningunum. Athugið að einnig er gert ráð fyrir upplýsingum í „fætinum“.

Ráðstefna og árshátíð 6. mars 2010 – TAKIÐ DAGINN FRÁ !

Ráðstefna SSSK verður haldin laugardaginn 6. mars n.k. en um kvöldið verður svo árshátíðin okkar haldin. Unnið er að skipulagningu dagsins en fyrirhugað er að halda ráðstefnuna og árshátíðina á Hótel Keflavík að þessu sinni. Skólastjórnendur og aðrir starfsmenn eru hvattir til að gera strax ráð fyrir þessum degi í skipulagi sínu og fara strax að hlakka til. SSSK fagna 5 ára afmæli þann 5. mars og því rík ástæða til hátíðahalda.